

**Fjölbrautaskóli Snæfellinga**  
**Fundargerð 4.fundur skólanefndar**  
**3.febrúar 2004 – haldin á skrifstofu Grundarfjarðarbæjar**

Mætt: Kjartan Páll Einarsson (formaður), Björg Ágústsdóttir, Eyþór Benediktsson, Sveinn Þór Elínbergsson, Sigríður Finsen og Guðbjörg Aðalbergsdóttir .

Formaður setti fund kl. 15:10 og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá fundarins:

1. Bréf frá verktökum á Snæfellsnesi vegna skólabyggingar
2. Námsbrautir
3. Þróunarskólaumsókn
4. Val á viðskiptabanka
5. Önnur mál

1. Nefndarmenn ræddu í upphafi fundar bréf sem skólanefnd barst frá verktökum á Snæfellsnesi þar sem þeir lýsa skoðunum sínum á undirbúningi bygginganefndar skólans og því hvernig staðið mun verða að byggingunni. Formanni var falið að senda eftirfarandi svarbréf til verktakanna

**Verktakar á Snæfellsnesi**  
**B/t Kristmundar Harðarsonar**  
**Hrannarstíg 14,**  
**350 Grundarfjörður**

**Vegna bréfs ykkar dags. 21. janúar 2004.**

Skólanefnd Fjölbrautaskóla Snæfellsness tók bréf ykkar til umræðu á fundi þann 3.febrúar 2004.

Skólanefnd þykir rétt að áréttta að meginhlutverk nefndarinnar er að starfa með skólameistara að rekstri skólans. Skólanefndin er skipuð þannig að 3 fulltrúar eru skipaðir af menntamálaráðherra og 2 fulltrúar af sveitarfélögunum sem standa að skólanum.

Það verkefni að byggja skólahúsnæðið er á hendi sveitarfélaganna á Snæfellsnesi sem gert hafa samning við Menntamálaráðuneytið um að afhenda það skólanum til leigu og afnota um leið og skólastarf hefst 25.ágúst 2004.

Sveitarfélögin hafa skipað bygginganefnd sem sér um byggingu skólahúsnæðisins, það er því ekki verkefni skólanefndar að standa að byggingu húsnæðisins. Allri umræðu í bréfi ykkar um val á verktökum, um teikningar af einstökum verkþáttum, um afhendingartíma og aðra þætti er varða bygginguna tekur skólanefnd ekki afstöðu til og bendir ykkur á að ræða um, þá við bygginganefnd skólans.

Hvað varðar beinar spurningar ykkar til skólanefndar og skólameistara , ( aðrir starfsmenn skólans hafa ekki verið ráðnir ) þá er því til að svara að skólanefnd og skólameistari munu í samvinnu við bygginganefnd kappkosta að skólastarf geti hafist

á réttum tíma í hluta af framtíðarhúsnæði skólans. Þar sem nemendur og starfsfólk skólans geti hafið skólastarf án mikilla truflana á skólatíma.

Skólanefnd hefur rætt þann möguleika að byrja skólastarf í bráðabirgðahúsnæði, niðurstaða þeirrar umræðu var að það væri ekki ásættanlegur kostur að klára skólastarfið veturinn 2004 – 2005 í bráðabirgðahúsnæði.

Meginástæðan er sú, að ekki er fyrirséð að skólastarf með breyttu sniði náist fram í bráðabirgðahúsnæði. Skólahúsið sem byggt verður er sérstaklega hannað með tilliti til þeirrar uppbyggingar sem verður á skólastarfinu og er aðlagað að þörfum nemenda.

Grundarfirði 3.febrúar 2004

Fh. Skólanefndar Fjölbrautaskóla Snæfellinga

Kjartan Páll Einarsson

2. Námsbrautir

Skólameistari hefur sent yfirlit um námsbrautir til námsskrárnefndar, Guðbjörg fór yfir þær brautir sem ræddar voru á síðasta fundi, reiknað er með að allir nemendur fari í UTN 3 til að læra vinnubrögð í upplýsingatækni.

Skólanefndarmenn lýstu yfir ánægju sinni með stöðu mála.

3. Í undirbúningi er þróunarskólaumsókn þar sem lýst er sérstöðu skólans, nýjum kennsluháttum og færður rökstuðningur fyrir meiri fjárför skólans .

4. Val á viðskiptabanka :

Guðbjörg kynnti tilboð í bankaþjónustu við skólann, niðurstaða þess er að samið verður við Landsbankann í Grundarfirði sem bauð best kjör í innheimtuþjónustu ,um bankaþjónustu, formaður skólanefndar vék af fundi vegna tengsla sinna við KB banka meðan þessi liður var afgreiddur.

5. Önnur mál

a) Rætt um að láta gera nýjar myndir af skólanum til að nota við kynningar fyrir nemendur og foreldra í byrjun mars

b) Rætt var um umsókn í Þróunarsjóð framhaldsskóla, Guðbjörg sér um það.

c) Björg ræddi um nánari kynningu á skólanum fyrir nemendur og foreldra, samþykkt var að senda greinar í bæjarblöðin í næstu viku til að kynna hvað er framundan.

d) Fundarmenn samþykktu að senda Hrönn Pétursdóttur gjöf með þakklæti fyrir vel unnin störf við undirbúning að stofnun skólans, Björg og Sigríður Finsen tóku að sér að sjá um það.

Fundi slitið kl 17:00.